

Fiskistofa,

Guðni Eiríksson, sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs.

Dalshraun 1, 220 Hafnarfirði.

Kaldaðarnesi, 24.09.2017.

Efni. Heimild Fiskistofu til fiskræktar í Stóru- Laxá.

Stjórn Veiðfélags Árnesinga óskar eftir heimild Fiskistofu til þess að flytja 10 laxa af hvoru kyni til í Stóru-Laxá. Stjórn Stóru-Laxárdeildar hefur undibúið málið og aflað meðfylgjandi umsagnar frá Hafrannsóknarstofnun, dags. 22.09.2017 og mun deildin annast framkvæmd flutninganna í samráði við Hafrannsóknarstofnun, eftir fyrirmælum stofnunarinnar sem fram koma í umsögninni og ákvæðum laga nr. 58/2008, um fiskrækt.

Tilgangurinn með þessari fiskrækt er að flytja hrygningarlax á ólaxgeng svæði í þeim tilgangi að hann hrygni og leggi til seiði sem gætu alist upp þar. Er um tilraun að ræða og ef vel tekst til gæti þetta uppeldi seiða orðið viðbót við seiðaframleiðslu árinna á fiskgengum svæðum.

Ef af þessari fiskrækt verður þá mun Veiðifélag Árnesinga fara þess á leit við Hafrannsóknarstofnun að hún rannsaki árangur þessa flutninga með seiðarannsóknum á svæðinu þar sem löxunum var sleppt.

Óskað er eftir heimild Fiskistofu til þessara laxaflutninga í fimm skipti sem fram færu nú í haust og næstu fjögur haust. Laxinn yrði veiddur á tveimur neðstu veiðisvæðum árinna og fluttur á ólaxgengt svæði efst í Stóru-Laxá við Helgaskála að fengnu samþykki landeiganda bæði á veiði- og sleppistað, sem stjórn Stóru-Laxárdeildar mun afla. Laxinn yrði veiddur á stöng með flugu og veiðin færi fram á veiðitíma nema nú í haust og er því óskað eftir heimild Fiskistofu til þess að veiða hann eftir veiðitíma frá 1. til og með 5. október, sbr. 26. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

Ekki gefst tími til þess að bera fiskræktaráform þessa árs undir aðalfund Veiðifélags Árnesinga en verða kynnt á þeim næsta og þar aflað samþykkis fyrir næstu 4 árin.

Eins og kynnt hefur verið fyrir Fiskistofu þá kemur ekki til álita hjá Veiðifélagi Árnesinga að stunda fiskrækt nema að fyrir liggi jákvæð umsögn Hafrannsóknarstofnunar. Er því leitað eftir heimild Fiskistofu í hverju einstöku tilviki að fenginni jákvæðri umsögn. Í þessu máli liggur fyrir jákvæð umsögn og stjórn Veiðifélags Árnesinga sammála um að ráðast í þessa fiskrækt fáist til þess samþykki Fiskistofu.

Fyrir hönd Veiðifélags Árnesinga,

Jörundur Gauksson, formaður.

Kaldaðarnes, 801 Selfoss.

jorundur@logbyli.is S. 892-0372